



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

september 2025

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í júní sl. Góðar stundir!

Opið hús

Eins og áður var AkAk með opið hús í tilefni af Akureyrarvöku í lok ágúst sl. Bæjarbúum var boðið að koma í heimsókn til að kynna sér starfsemina, skoða aðstöðuna og þiggja léttar veitingar.

Viðburðir á haustmisseri

- **Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa**

Undanfarin ár hefur verið samstarf á milli AkAk og öldrunarheimila Akureyrar, og nú hjúkrunarheimila Heilsuverndar, sem felur í sér að bjóða íbúum heimilanna upp á fræðandi og aðgengilega fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni sem eru líka opnir fyrir aðra bæjarbúa. AkAk leitar bæði til félaga sinna um tillögur að fyrirlestrum og líka til einstaklinga utan hópsins. Á þessu misseri er boðið upp á tvo fyrirlestra. Sá fyrri fór fram 19. september sl. en þá fjallaði Jón Hjaltason, sagnfræðingur, um hjónin Sigríði Jónsdóttur og Svein Þórarinnsson og búskapartíð þeirra á Möðruvöllum í Hörgárdal og seinna á Akureyri en þau voru foreldrar Jóns Sveinssonar – Nonna. Seinni fyrirlesturinn er á dagskrá í lok október en þá mun Heiða Björk Vilhjálmisdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá Listasafninu á Akureyri, fjalla um ólíka miðla myndlistar út frá völdum verkum úr safneign Listasafnsins og sýna dæmi um fjölbreytt verk eftir ólíka listamenn.

- **Bakarís-fyrirlestrar**

Bakarís-fyrirlestrararnir eru samstarfsverkefni AkAk og Brauðgerðarhúss Akureyrar í Sunnuhlíð. Markmið þeirra er að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni. Gert er ráð fyrir tveimur fyrirlestrum af þessu tagi á misserinu og verða þeir á dagskrá í október og nóvember. Í þeim fyrri mun Skafti Ingimarsson, sagnfræðingur og sjálfstætt starfandi fræðimaður, fjalla um Einar Olgeirsson, ritara Kommúnistaflokks Íslands (1930–1938) og formann Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins (1939–1968). Erindi Skafta byggir á nýrri bók hans: *Nú blakta rauðir fánar: saga kommúnista- og sósíalistahreyfingarinnar á Íslandi 1918–1968*. Bókin byggir á doktorsritgerð Skafta um samnefnt efni og vann hann að rannsókninni hjá AkAk. Í seinni fyrirlestrinum mun Sara Stefánsdóttir, lektor við Iðjuþjálfunarfræðideild Háskólans á Akureyri, kynna doktorsritgerð sína í fötlunarfræði sem hún varði við Háskóla Íslands fyrr á þessu ári. Heiti ritgerðarinnar er *Glíma seinfærra foreldra við kerfisbundnar hindranir út frá réttindamiðaðri nálgun*. Sara vann að rannsókn sinni að hluta til hjá AkAk.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <https://www.akak.is/>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir, netfang akak@akak.is